



Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 10. maí 2021

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um birtingu upplýsinga úr gagnagrunni almennra fjarskiptaneta

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins (hér eftir „**samtökin**“) vísa til tölvupósts frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dags. 15. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar um drög að reglugerð um birtingu upplýsinga úr gagnagrunni almennra fjarskiptaneta. Um er að ræða gagnagrunn um almenn fjarskiptanet (GAF) sem Póst- og fjarskiptastofnun („PFS“) hefur unnið að undanfarið. Samtökin telja reglugerðina vel úr garði gerða en vilja þó koma ákveðnum athugasemdum á framfæri.

Eins og fram kemur í 1. gr. reglugerðarinnar er markmið hennar að setja ramma um opinbera birtingu tiltekinna upplýsinga um fjarskiptainnviði úr gagnagrunni almennra fjarskiptaneta (GAF). Tilgangur birtingarinnar er að almenningi og öðrum hagaðilum verði aðgengilegar upplýsingar um tegund og gæði fjarskiptatenginga sem eru í boði um land allt. Þá segir að opinber birting upplýsinga um fjarskiptainnviði megi hvorki brjóta í bága við öryggishagsmuni né hagsmuni þeirra markaðsaðila sem eiga innviði og eiga réttmætra hagsmuna að gæta um að trúnaður ríki um tiltekna þætti varðandi birtingu upplýsinga um viðkomandi innviði.

Í drögum kemur ekki fram hvernig fer með ágreining á milli PFS og fjarskiptafyrirtækis ef fyrirtækið telur að birting upplýsinga sé andstæð þeim hagsmunum sem nefndir eru í 1. gr. reglugerðarinnar. Fyrir liggur að um mikla hagsmuni er að ræða og því brýnt að hagsmunir markaðsaðila sem eiga réttmætra hagsmuna að gæta séu tryggðir með réttlátri málsmeðferð.

Vegna þessa leggja samtökin til að í þeim tilvikum sem PFS hefur tekið ákvörðun um birtingu og ágreiningur rís vegna framangreindra hagsmuna geti birting upplýsinga ekki átt sér stað fyrr en markaðsaðili hefur tæmt allar kæruleiðir ef hann svo kýs. Þannig hafa markaðsaðilar möguleika á að skjóta ákvörðun PFS til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, og eftir atvikum dómstóla, og birting fer þá ekki fram fyrr en eftir að málið hafi verið til lykta leitt á þeim vettvangi og/eða að liðnum viðeigandi kærufrestum.

Í 2. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um þær upplýsingar sem PFS aflar frá fjarskiptafyrirtækjum. á grundvelli fjarskiptalaga nr. 83/2003. Í drögum er umfang og tegund upplýsinganna ekki afmarkað með öðrum hætti en annars vegar að þeirra sé aflað á grundvelli fjarskiptalaga nr. 83/2003 og hins vegar að þær eigi erindi við almenning. Í ljósi þess að um getur verið að ræða veigamiklar upplýsingar fyrir fjarskiptafyrirtækin leggjast samtökin gegn því að svo rúm skilgreining á upplýsingum sé notuð í reglugerðinni. Þvert á móti er bæði gagnsærra en ekki síst skilvirkara að tilgreina í reglugerðinni með skýrum hætti þær upplýsingar sem PFS getur aflað. Í þessu sambandi er þess einnig óskað að reglugerðin kveði skýrt á um þá tímafresti sem fjarskiptafyrirtækin hafa til þess að afhenda PFS upplýsingar skv. 2. gr.



Í 3. gr. er fjallað um réttleika upplýsinga og kemur þar fram að PFS skuli leitast við að hafa upplýsingar í gagnagrunni almennra fjarskiptaneta réttar og áreiðanlegar. Þá segir einnig að eigendur fjarskiptavirkja sem upplýsingarnar varða skuli hafa frumkvæðið að uppfærslu og/eða leiðréttingu rangra eða ófullnægjandi upplýsinga og verða við beiðnum PFS um uppfærslu upplýsinga eins fljótt og auðið er. Í þessu sambandi vilja samtökin benda á að reglugerðin er þögn um þau tilvik þegar tjón getur orðið sem rekja má til rangar upplýsinga í gagnagrunninum sbr. 3. gr. og þá bótaábyrgð sem skapast í kjölfarið. Í því ljósi leggja samtökin til að í reglugerðinni verði sérstaklega tekið fram að notendur gagnagrunnsins geti ekki átt skaðabótakröfur á hendur fjarskiptafyrirtækjum, og eftir atvikum PFS, ef upplýsingar reynast rangar.

Þá vilja samtökin benda á að í töluliðum a-d. í 5. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um að tilgreina eigi ákveðnar tengingar og aðgengi að þeim miðað við hraða tenginganna. Athugast skal að tengingar sem þessar eru aldrei tiltekinn fastur hraði, heldur fer hraðinn eftir búnaði hverju sinni og breytist hratt með uppfærslum. Það er alveg sama um hvaða tækni ræðir, í öllum tilvikum verður eitthvað tap á hraða vegna þess að það eru margir flöskuhálsar í kerfinu gagnvart notendum. Af þeim sökum telja samtökin heppilegra að tilgreina í ákvæðinu þann búnað sem um ræðir hverju sinni auk þess að áskilja sérstaklega hæsta mögulega hraða. Þannig kæmi í stað töluliða a-d: „tegund fastlínutengingar, s.s. ljósleiðari, kopar, kapall og hæsti mögulegi hraði sem völ er á.“

Loks leggja samtökin til að synjunarheimildir PFS skv. 2. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar verði skýrðar með nánari hætti. Á grundvelli 9. gr. er heimilt að fá afhentar tilteknar skýrt afmarkaðar upplýsingar úr gagnagrunni almennra fjarskiptaneta. PFS getur þó synjað afhendingu gagna á grundvelli öryggissjónarmiða, mikilvægra viðskiptasjónarmiða eða almannahagsmuna. Telja samtökin að skýra þurfi með frekari hætti hvað fellur undir að vera mikilvæg viðskiptasjónarmið svo enginn vafi sé á því hvaða upplýsingar heimilt sé að afhenda.

Að öðru leyti eru ekki gerðar frekari athugasemdir við fyrirliggjandi drög að reglugerðinni. Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað af hálfu nefndarinnar.

Virðingarfyllt

F.h. Samtaka iðnaðarins


Steinunn Pálmadóttir

F.h. Samtaka atvinnulífsins


Árni Grétar Finnsson